

Klappir hf.: Helstu niðurstöður hluthafafundar Klappa Grænna Lausna 22. desember 2025

Á hluthafafundi Klappa Grænna Lausna hf., sem fór fram þann 22. desember 2025, voru eftirfarandi tillögur samþykktar.

I. Tillögur sem samþykktar voru á hluthafafundinum.

1. Tillaga um lækkun hlutafjár og ráðstöfun yfirverðsreiknings hlutafjár.

Svofelld tillaga stjórnar var samþykkt:

„Stjórn leggur til að hluthafafundur samþykki lækkun hlutafjár að nafnverði kr. 67.295.203 og að lækkuninni verði allri ráðstafað til jöfnunar taps fyrri ára, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Tillagan felur í sér að lækka hlutafé félagsins úr kr. 140.153.700 í kr. 72.858.497. Þá felur tillagan jafnframt í sér að yfirverðsreikningi hlutafjár kr. 478.199.200 verði ráðstafað til jöfnunar taps, þ. e. á móti neikvæðu óráðstöfuðu eigin fé félagsins, sbr. 3. mgr. 100. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Samtals verður kr. 545.494.403 ráðstafað til að jafna óráðstafað eigið fé félagsins. Tillagan er sett fram með fyrirvara um að tillögur stjórnar í dagskrárliðum 3-6 verði samþykktar í kjölfarið. Hlutafé félagsins skiptist í þrjá flokka og skulu flokkar hlutafjár lækka í jöfnum innbyrðis hlutföllum. Verði tillagan samþykkt munu 3.1, 4.1 og 4.2 gr. samþykkt félagsins taka breytingu.“

2. Tillaga um breytingu á nafnverði hlutafjár úr íslenskum krónum í evrur og breytingu á nafnvirði hvers hlutar.

Svofelld tillaga stjórnar var samþykkt:

„Verði tillaga í dagskrárlið 2 samþykkt, þar sem hlutafé félagsins er lækkað, leggur stjórn til að hluthafafundur samþykki að nafnverði hlutafjár félagsins verði breytt úr íslenskum krónum í evrur, sbr. heimild í 2. málsl. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, og að nafnvirði hvers hlutar verði breytt úr 1 kr. í 10 evrusent. Félagið hefur þegar fengið heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli fyrir 2025.

Verði tillagan samþykkt, mun félagið nýta eigin hluti til að námunda B-hluthafa upp í heilan hlut. Eftirstandandi eigin hlutir félagsins verða 39.969 talsins. Nafnverð hlutafjár í félaginu mun þar með breytast úr fjárhæð kr. 72.858.497, eins og því var breytt með dagskrárlið 2, í EUR 506.313 á viðmiðunargenginu 143,9 kr./evra. Hlutafé félagsins er umreiknað í evrur í samræmi við heimild í 4. málsl. 5. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Ársreikningur vegna ársins 2025 verður gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsstaðla (IFRS) og hlutaféð umreiknað á gengi sem er árslokagengi 2024. Umreikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningsstaðalinn IAS 21.

Hlutfé félagsins skiptist í þrjá flokka og skulu flokkar hlutafjár lækka í jöfnum innbyrðis hlutföllum til samræmis við breytingu úr íslenskum krónum í evrur. Þá skulu ákvæði þau er vísa til nafnvirði hluta taka breytingu til samræmis við að hver hlutur sé 10 evrusent. Verði tillagan samþykkt munu 3.1, 3.2, 4.1, 4.2, 4.3, 9.1, 9.2 og 9.3 gr. samþykkt félagsins taka breytingu.“

3. Tillaga um breytingu á almennri heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar.

Svofelld tillaga stjórnar var samþykkt:

„Verði tillögur í dagskrárliðum 2-3 samþykktar, leggur stjórn til við hluthafafund breytingu á almennri heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar úr íslenskri krónu í evrur og hlutfallslega lækkun til samræmis við áður samþykktar breytingar. Verði tillagan samþykkt mun 5.2 gr. samþykkt félagsins taka breytingu.“

4. Tillaga um breytingu á heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar vegna kaupréttarkerfis.

Svofelld tillaga stjórnar var samþykkt:

„Verði tillögur í dagskrárliðum 2-3 samþykktar, leggur stjórn til við hluthafafund breytingu á heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar vegna kaupréttaráætlunar félagsins úr íslenskri krónu í evrur og hlutfallslega lækkun til samræmis við áður samþykktar breytingar. Öllum útistandandi kaupréttarsamningum verður breytt til samræmis. Verði tillagan samþykkt mun 5.3 gr. samþykkt félagsins taka breytingu.“

5. Tillaga um breytingu á heimild stjórnar til útgáfu áskriftaréttinda, heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar og heimild til kaupa á eigin bréfum.

Svofelld tillaga stjórnar var samþykkt:

„Verði tillögur í dagskrárliðum 2-3 samþykktar, leggur stjórn til við hluthafafund breytingu á heimild stjórnar til útgáfu áskriftaréttinda, heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar og heimild til kaupa á eigin hlutum úr íslenskri krónu í evrur og hlutfallslega lækkun til samræmis við áður samþykktar breytingar.

Verði tillagan samþykkt munu 5.4 og 5.5 gr. samþykktanna og viðauki við samþykktir félagsins vegna heimildar til kaupa á eigin bréfum sbr. 14. gr. samþykkt félagsins taka breytingu.“

Viðhengi:

Uppfærðar samþykktir Klappa Grænna Lausna hf.

Viðhengi

[20251222 Klappir Grænar Lausnir Hf Samþykktir](#)